# Vinafélag ABC barnahjálpar

# Ársreikningur 2011

Vinafélag ABC barnahjálpar
Síðumúla 29
108 Reykjavík

Kt. 620207-2170

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda .......... 3

Áritun óháðs endurskoðanda .......... 4

Rekstrarreikningur .......... 5

Efnahagsreikningur .......... 6

Sjóðstreymisyfirlit .......... 8

Skýringar .......... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar

Tilgangur Vinafélags ABC barnahjálpar er að standa straum af rekstri skrifstofu og launakostnaði vegna ABC barnahjálpar á Íslandi.

Allur kostnaður við rekstur ABC barnahjálpar á Íslandi fer alfarið í gegnum Vinafélag ABC barnahjálpar, nema þóknun af greiðslukortum stuðningsaðila og þjónustugjöld banka, enda er það kostnaður sem dregst sjálfkrafa af framlögum stuðningsaðila og til að mæta þeim kostnaði greiða stuðningsaðilar svipaða upphæð á móti sem framlög til rekstrar.

Á árinu 2011 voru átta til ellefu starfsmenn á launaskrá hjá Vinafélagi ABC barnahjálpar í samtals 5,25 til 7,50 stöðugildum og sinntu þeir störfum fyrir ABC barnahjálp á Íslandi, Nytjamarkaðinn og ABC skólann.

Virkir félagar í Vinafélagi ABC barnahjálpar sem studdu starfið með beinum eða óbeinum hætti voru um 40 talsins á árinu 2011.

**Yfirlýsing stjórnar**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur Vinafélags ABC barnahjálpar í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2011 og rekstrarafkomu Vinafélags ABC barnahjálpar og breytingu á handbæru fé fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2011.

Stjórn Vinafélags ABC barnahjálpar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 18 / 05 2012.

Í stjórn Vinafélags ABC barnahjálpar:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vinafélags ABC barnahjálpar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vinafélags ABC barnahjálpar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og sundurliðanir.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu vinafélagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18 / 5 2012.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---:|---:|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| Vörusala | 13.639.884 | 4.731.238 |
| Framlag frá ABC barnahjálp á Íslandi | 5.615.638 | 13.748.820 |
| Aðrar tekjur | 24.199.807 | 11.976.529 |
| | 43.455.329 | 30.456.587 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | 6.256.236 | 2.162.407 |
| Laun og launatengd gjöld | 27.967.232 | 17.039.645 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8.008.035 | 6.661.694 |
| | 42.231.503 | 25.863.746 |
| Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 1.223.826 | 4.592.841 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | |
| Vaxtatekjur | 2.734 | 15.853 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 579) | ( 2.835) |
| | 2.155 | 13.018 |
| **Hagnaður ársins** | 1.225.981 | 4.605.859 |

# Efnahagsreikningur

**Eignir**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | |
| ABC barnahjálp International stofnframlag | 470.000 | 470.000 |
| Fastafjármunir samtals | 470.000 | 470.000 |
| **Veltufjármunir:** | | |
| Vörubirgðir | 2.532.856 | 2.027.248 |
| Skammtímakröfur: | | |
| Viðskiptakröfur | 4.116.372 | 5.534.803 |
| Aðrar skammtímakröfur | 2.562 | 241.505 |
| Óbundnar bankainnstæður | 1.340.992 | 399.605 |
| Veltufjármunir samtals | 7.992.782 | 8.203.161 |
| **Eignir samtals** | 8.462.782 | 8.673.161 |

# 31. desember 2011

## Eigið fé

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 7.406.277 | 6.180.296 |
| Eigið fé samtals | 7.406.277 | 6.180.296 |
| **Skammtímaskuldir:** | | |
| Viðskiptaskuldir | 0 | 1.847.034 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 876.233 | 645.831 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 180.272 | 0 |
| Skuldir samtals | 1.056.505 | 2.492.865 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 8.462.782 | 8.673.161 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | |
| Hagnaður ársins | 1.225.981 | 4.605.859 |
| Veltufé frá rekstri | 1.225.981 | 4.605.859 |
| | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, hækkun | ( 505.608) | ( 2.027.248) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 1.657.374 | ( 4.641.758) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | ( 1.436.360) | 1.131.734 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | ( 284.594) | ( 5.537.272) |
| | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | 941.387 | ( 931.413) |
| | | |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 941.387 | ( 931.413) |
| | | |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 399.605 | 1.331.018 |
| | | |
| **Handbært fé í árslok** | 1.340.992 | 399.605 |

# Sundurliðanir

| | 2011 | 2010 |
|---|---:|---:|
| **Aðrar tekjur:** | | |
| Framlög Vinafélaga | 6.820.795 | 7.766.269 |
| Tekur v/ bílanytjamarkaðar | 0 | 100.000 |
| Tekjur v/ nytjamarkaðar | 15.809.962 | 1.899.500 |
| ABC - skólinn | 1.569.050 | 2.210.760 |
| | 24.199.807 | 11.976.529 |
| **Laun og launatengd gjöld:** | | |
| Laun | 23.074.457 | 14.160.427 |
| Tryggingagjald | 2.195.450 | 1.337.131 |
| Lífeyrissjóður | 1.939.104 | 1.209.278 |
| Sjúkra- og orlofssjóður | 758.221 | 332.809 |
| | 27.967.232 | 17.039.645 |
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | |
| Tölvukostnaður | 485.483 | 1.549.594 |
| Húsaleiga | 1.800.000 | 1.800.000 |
| Burðargjöld | 1.580.245 | 739.830 |
| Pappír, prentun og ritföng | 546.678 | 365.026 |
| Símakostnaður | 579.514 | 296.618 |
| Starfsmannatengdur kostnaður | 22.523 | 36.491 |
| Kostnaður við safnanir | 926.336 | 522.330 |
| ABC - skólinn | 557.879 | 1.048.593 |
| Nytjamarkaðurinn | 885.206 | 0 |
| Ýmis gjöld | 624.171 | 303.212 |
| | 8.008.035 | 6.661.694 |
| **Óráðstafað eigið fé:** | | |
| Eigið fé 1.1.2011 | 6.180.296 | 1.574.437 |
| Hagnaður ársins | 1.225.981 | 4.605.859 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 7.406.277 | 6.180.296 |